



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 10/2020

Merkingar á vörum Espiflatar

I. Erindið

Með bréfi Félags atvinnurekenda, dags. 6. júní 2019, barst Neytendastofu kvörtun vegna notkunar garðyrkjustöðvarinnar Espiflatar ehf. á íslenska þjóðfánanum í markaðssetningu.

Í bréfinu segir að málavextir séu þeir að Espiflöt hafi í gegnum tíðina blandað íslenskum og erlendum blómum í blómvöndum sínum og merkt þá rækilega með íslensku fánaröndinni með orðunum „íslensk blóm“. Á ljósmyndum í fylgiskjölum megi sjá blómvendi frá Espiflöt sem innihaldi ýmist græn pálmalauf eða eucalyptus greinar, en hvorug jurtin sé ræktuð hér á landi.

Félag atvinnurekenda geri athugasemdir við þessa markaðssetningu sem að mati félagsins feli í sér blekkingu gagnvart neytendum sem telji sig vera að kaupa alíslenska vöru en því fari fjarri.

Að mati félagsins brjóti umrædd markaðssetning í bága við lög nr. 34/1944, um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldamerkið, og reglugerð nr. 618/2017, um notkun þjóðfána Íslendinga við markaðssetningu á vöru eða þjónustu. Í bréfinu eru tekin upp ákvæði 3. og 4. mgr. 12. gr. laganna auk 2. og 3. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar.

Eins og sjá megi af lestri ákvæðisins geti blómvöndur sem samsettur sé af íslenskum blómum og erlendum blómum, sem ræktuð séu erlendis og flutt inn til landsins, ekki talist vera íslensk vara í skilningi ákvæðisins. Það að erlendum blómum sé stungið í blómvönd geti ekki talist vera nægileg aðvinnsla svo varan teljist íslensk.

Þá segi ennfremur í 4. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar að þrátt fyrir b. lið 3. mgr. geti vara ekki talist vera íslensk ef hún er framleidd úr innfluttu hráefni sem telst vera einkennandi hluti vörunnar og sé eðlislík m.a. vöru sem framleidd sé hér á landi á garðyrkjubýli, gróðrarstöð eða garðyrkjustöð, sbr. b-lið 4. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar.

Af þessu ákvæði reglugerðarinnar leiði að blóm sem séu innflutt, séu einkennandi hluti vörunnar og eðlislík öðrum blómum sem framleidd séu hér á landi á garðyrkjubýlum, gróðrarstöðvum eða garðyrkjustöðvum, geti því aldrei talist vera íslensk vara.



Það sé mat Félags atvinnurekenda að Espiflöt sé með öllu óheimilt að markaðssetja blómvendi með innfluttum blómum sem íslensk blóm enda sé verið að blekkja neytendur og telja þeim trú um að þeir séu að kaupa vöru sem sé að öllu leyti ræktuð hér á landi. Félag atvinnurekenda fari þess á leit við Neytendastofu að stjórnvaldið beiti viðeigandi viðurlögum við þessari ólögmætu markaðssetningu á grundvelli 6. gr. reglugerðar nr. 618/2017.

II.

Málsmeðferð

1.

Erindi Félags atvinnurekenda var sent Espiflöt til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 14. júní 2019. Svar Espiflöt var búið til með tölvupósti, dags. 27. júní 2019. Í póstinum kemur fram að Espiflöt sé félagi í Sambandi garðyrkjubænda og bendi á að félagið hafi leyfi skv. samningi við sambandið til notkunar á fánaröndinni í markaðssetningu fyrir íslensk blóm. Því sé í fyrsta lagi ekki um að ræða notkun þjóðfánans í markaðssetningu heldur sé fánaröndin skráð félagamerki í eigu Sambands garðyrkjubænda, sbr. skráningarnúmer 820/2006 og vörumerki, sbr. skráningarnúmer 874/2007, og njóti verndar skv. vörumerkjalögum og lögum um félagamerki.

Fánaröndin hafi verið í notkun frá árinu 2003 og fullyrða megi að það sé vel þekkt hjá neytendum og hafi jákvætt orðspor. Í dómi Hæstaréttar nr. 348/2010 frá 27. janúar 2011 hafi verið staðfest að Matfugli ehf. væri óheimilt að nota í atvinnustarfsemi sinni auðkenni sem svipaði til fánarandarinnar og talið var að valdið gæti ruglingshættu á fánarönd Sambands garðyrkjubænda. Í niðurstöðu dómsins segi að um sé að ræða þunna lárétta rönd með sömu litum og í íslenska þjóðfánanum sem notuð sé til að aðgreina framleiðsluvörur félagsmanna Sambands garðyrkjubænda frá vörum annarra. Ofangreint sé því til staðfestingar að ekki sé um að ræða notkun á þjóðfána Íslendinga í markaðssetningu heldur notkun skráðs merkis sem njóti verndar, ólíkt íslenska þjóðfánanum, sem fengi aldrei skráningu sem vöru- eða félagamerki. Við það megi bæta að Samband garðyrkjubænda, hafi staðfest þann skilning Espiflöt að umrædd notkun falli innan þeirrar heimildar sem reglurnar og samningurinn geri ráð fyrir.

Við það mat Félags atvinnurekenda að markaðssetning á umræddum blómvöndum feli í sér blekkingu gagnvart neytendum megi teljast brot gegn fánalögum og reglugerð um notkun þjóðfánans, geri Espiflöt eftirfarandi athugasemdir.

Með breytingum á lögum um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldamerkið, nr. 33/1944, sbr. breytingalög nr. 28/2016 var lagt til að rýmkaðar yrðu heimildir til notkunar á íslenska þjóðfánanum við markaðssetningu á vöru og þjónustu.

Til að meta hvort vara falli undir b-lið 3. mgr. 3. gr. og ekki undir undantekningarákvæði 4. mgr. 3. gr. þurfi hún að teljast hafa hlotið nægilega aðvinnslu hérlendis. Ef hún telst fullnægja



Því skilyrði að hafa hlotið nægilega aðvinnslu hérlendis telst hún samt sem áður ekki íslensk ef hún sé framleidd úr innfluttu efni sem sé einkennandi hluti vörunnar og sé eðlislíkt vöru framleidd hér á landi á garðyrkjubýli, gróðrarstöð eða garðyrkjustöð. Meta þurfi vöruna heildstætt og þá aðvinnslu sem hún fái hér á landi til að ákvarða hvort hún megi kallast íslensk. Ef undantekningarákvæði 4. mgr. 3. gr. eigi að eiga við þyrftu greinarnar að teljast einkennandi hluti vörunnar sem ekki verður sagt eiga við í þessu tilviki.

Umrædd vara sé blómvöndur sem innihaldi íslensk blóm frá Espiflöt og pakkað sé inn í sellófan. Á vandinum sé skrautpinni úr plasti og í honum séu jafnframt tvær grænar greinar sem séu innfluttar enda ekki ræktaðar hér á landi. Greinarnar sem sjá megi á myndum í kvörtuninni séu viðbót við vöndinn eins og annað skraut og teljast ekki til blóma. Í framleiðslulýsingu séu greinarnar „grænt fylliefni“. Espiflöt bendir jafnframt á að um sé að ræða afskornar greinar sem flokkaðar séu í annan tollflokk en blóm en grænar greinar séu fluttar inn í tollflokki 0604.2090 og beri ekki toll ef þær koma frá löndum innan Evrópu. Lýsing á flokknum sé svohljóðandi:

„Lauf, greinar og aðrir plöntuhlutar, án blóma eða blómknappa og grös, mosi og skófir, sem notað er í vendi eða til skrauts, nýtt, þurrkað, litað, bleikt, gegndreypt eða unnið á annan hátt.“

Þá segi í kvörtuninni: „það að stinga blómum í blómvönd getur ekki talist nægileg aðvinnsla svo varan teljist íslensk“. Varðandi nákvæmt mat á því hvað teljist nægileg aðvinnsla sé fjallað nánar um það í reglugerð um notkun þjóðfána Íslendinga í markaðssetningu á vöru og þjónustu nr. 618/2017 en þar segi í e-lið 2. gr. að nægileg aðvinnsla sé skilgreind sem framleiðsla eða vinnsla vöru sem skapi næga virðisaukningu til þess að unnt sé að meta vöruna íslenska. Þá segir í 4. gr. sömu reglugerðar:

„Við mat á því hvort vara hafi hlotið nægilega aðvinnslu til þess að hún teljist íslensk, sbr. 4. mgr. 12. gr. laga nr. 34/1944, þrátt fyrir að vera unnin að hluta eða öllu leyti úr innfluttu hráefni skal meðal annars taka mið af ákvæðum 5. gr. bókunar 4 við EES-samninginn að teknu tilliti til 6. gr. bókunar 4 við EE-samninginn, sbr. og aðvinnsluskrár II. viðbættis við bókun 4 við EES-samninginn.“

Vísað sé til bókunar 4 við EES samninginn til að gæta samræmis við reglur sem þegar séu í gildi. Það sé hins vegar ekki fortakslaust skilyrði, sbr. orðalagið „unnt er að líta til sjónarmiða og grundvallarreglna sem þar koma fram [...]“. Sjónarmiðin sem litið sé til eru m.a. hvort vara skipti um vörulið – breyting á tollskrárnúmeri, hvort hráefni fari yfir tiltekin verðmætamörk, sbr. 5. gr. í bókun 4 við samninginn. Þar segir í 2. mgr. 5. gr. að heildarverðmæti skuli ekki vera meira en 10% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar og að ekki sé farið fram úr einni eða fleiri hundradstólum af því hámarksverðmæti, sem gefið er upp fyrir efni sem ekki teljast upprunaefni og fram koma í skránni.



Til nánari útskýringar á samsetningu blómvanda frá Espiflöt þá séu framleiddar tvær stærðir af vöndum fyrir stórmarkaði sem merktir séu með íslensku fánaröndinni. Allir vendir séu settir saman á garðyrkjustöðinni Espiflöt þar sem eigin blómaræktun sé notuð ásamt grænu fylliefni sem keypt sé af Grænum markaði. Fylliefni séu beargras, pálmablað, leðurlauf og eucalyptus. Í blómvendi frá Espiflöt séu einnig notuð gladiolublöð og gerberublöð sem séu þeirra ræktun. Einstaka sinnum séu þá notaðar íslenskar furu-, víði- og birkigreinar. Við notkun beargras og pálmablaða í minni vendina sé hlutfall af heildarvirði vandarins 4%. Í stærri vendi sé stundum notuð pálmablöð og gras, gras og eucalyptus eða pálmablað og eucalyptus. Ef pálmablað og eucalyptus séu notuð sé hlutfall fyllingarefnis 6% af heildarvirði hans. Alla jafna sé þó mun minna í vöndunum, þ.e. eingöngu eitt pálmablað eða gras. Í vendina sé einnig notað gladiolublöð og gerberublöð sem sé ræktað á Espiflöt. Einstaka sinnum séu þá notaðar íslenskar furu-, víði- og birkigreinar. Einnig skuli bent á að það sé nær undantekningarlaust svo að íslenskum vörum sé pakkað inn í plast og aðrar umbúðir sem ekki séu upprunnar hér á landi.

Græna fylliefnið sé því hvorki einkennandi hluti vörunnar né fer hluti þess yfir þau verðmætamörk sem miðað sé við í bókun 4 við EES-samninginn.

Espiflöt geti veitt Neytendastofu nánari upplýsingar um heildsöluverð og framleiðsluferlið, sé þess óskað. Fulltrúar Neytendastofu séu t.d. velkomnir að heimsækja Espiflöt og Grænan markað, sem sjái um sölu og dreifingu á þeim vörum sem um ræði.

Með vísan til ofangreinds telur Espiflöt liggja ljóst fyrir að umrædd vara sem kvartað var yfir verði ekki talin villa um fyrir neytendum skv. lögum, enda notkun samkvæmt reglum um fánaröndina og samningi um leyfi til notkunar hennar. Enn fremur falli varan, sem og aðrir blómvendir frá Espiflöt, undir það að teljast íslensk skv. skilgreiningu í lögum og uppfylli þær kröfur sem settar séu fram í reglugerð um notkun þjóðfánans við markaðssetningu, enda hafi hún hlotið nægilega aðvinnslu hérlendis og hinar innfluttu greinar sem ekki fáist hér á landi ekki einkennandi hluti vörunnar.

2.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 11. júlí 2019, var bréf Espiflatar sent Félagi atvinnurekenda til umsagnar.

Svar barst frá Félagi atvinnurekenda með tölvupósti þann 29. júlí 2019 þar sem fram kom að svar myndi berast Neytendastofu samdægurs.

Þann 21. ágúst 2019 sendi fulltrú Neytendastofu tölvupóst til Félags atvinnurekenda og spurðist fyrir um svar félagsins. Í svari Félags atvinnurekenda sem barst stofnuninni samdægurs kom fram að félagið hygðist ekki koma að frekari skýringum eða athugasemdum í málinu.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 9. janúar 2020, til Espiflatar var aðilum málsins vakin athygli á því að Neytendastofa teldi að ákvæði b. liðar 1. mgr. 9. gr., 2. mgr. 9. gr. og 14. gr., sbr. 5. gr.



laga nr. 57/2005, geti átt við í málinu. Var óskað eftir skýringum eða athugasemdum Espiflötur vegna þessa.

3.

Svar Espiflötur barst með bréfi dags. 17. janúar 2020. Fram kemur í bréfinu að Espiflöt taki undir sjónarmið Neytendastofu, sem fram komi í bréfi stofnunarinnar, dags. 9. janúar 2020, um að litið sé svo á að notkun Espiflötur á íslensku fánaröndinni við kynningu á íslenskum blómum falli fremur undir notkun vörumerkis en notkun þjóðfánans, enda sé um notkun á vernduðu vörumerki að ræða. Þessu sé Espiflöt sammála. Þau blóm sem félagið selji sem íslensk blóm séu ræktað á Íslandi. Eðlilegt sé að merkja þau sem slík. Forsvarsmenn Espiflötur hafni því alfarið að hafa með nokkrum hætti beitt blekkingum eða rangfærslum við kynningu á vörum sínum.

Á bls. 56 í Íslenskri orðabók, útg. í Reykjavík 1982 af Bókaútgáfu Menningarsjóðs sé að finna eftirfarandi skýringu á orðinu blóm: „*blóm, -s, -h, Blómstur, skrautlegasti hluti blómplanta (annast um æxlunina)*“: Þessi skilgreining á orðinu blóm hafi fengist staðfest af starfsmanni Árnastofnunar með tölvupósti, dags. 13. janúar 2020. Eins og sjá megi á meðfylgjandi mynd af blómvendi frá félaginu sé um að ræða blóm á vendi eins og það sé skilgreint af Árnastofnun. Þessi blóm hafi verið ræktað á Íslandi. Blómvöndurinn sé merktur skrásettu og einkaleyfisvörðu vörumerki Sambands garðyrkjubænda, íslensku fánaröndinni, enda sé Espiflöt félagi í þeim samtökum og hafi leyfi til notkunar á vörumerkinu að undangengnum ákveðnum skilyrðum sem félagið setji. Öll þau blóm sem blómvöndurinn á umræddri mynd innihaldi séu ræktað á Íslandi og gildi það jafnframt um önnur þau blóm sem seld séu frá Espiflöt og merkt séu íslensk.

Með blómvöndum fylgi oft skraut í því skyni að vekja athygli á vörunni og skapa þekkilega umgjörð og blæ. Hugmyndin sé að auka notagildi og ánægju. Skrautið sem fylgi sé breytilegt og taki m.a. mið af árstíma og tilefni hverju sinni. Þannig sé t.d. algengt að í kring um kærleiksrika daga á borð við Valentínusardag eða Konudag, sé skreytt með hjörtum. Allir viti að strumpurinn á páskaegginu sé ekki íslensk framleiðsla. Páskaeggið sé það hins vegar og merkt sem slíkt.

Í gjafaöskju sem innihaldi íslenskt wasabi sé að finna wasabi sem ræktað sé á Íslandi. Það sé varan, íslensk og merkt sem slík. Í öskjunni fylgi hins vegar raspur og spaði til að nota megi vöruna skv. leiðbeiningum. Þau áhöld séu ekki íslensk framleiðsla, heldur fylgi til að auka notagildi og ánægju. Engum gæti í hug komið að þarna sé verið að beita blekkingum. Í þessu tiltekna tilfelli þar sem um sé að ræða blómvönd frá Espiflöt sé skreytt með lituðum sellófónpoka, grænu blaði og glimmerhulinni plastkúlu á trépinna. Bláðið sem sé notað til skrauts sé reyndar úr innlendri ræktun en einnig hafi stundum verið notað grænt fylliefni sem ekki sé upprunið í innlendri ræktun. Það séu hins vegar ekki jurtir sem flokkist undir að vera blóm, skv. fyrrgreindri skilgreiningu og séu í raun einvörðungu skraut sem fylgi þeim blómum sem verið sé að kaupa hverju sinni. Þannig séu greinar og fylliefni ekki blóm, hvorki samkvæmt



skilgreiningu orðabókar Árnastofnunar né skv. tollskrá. Þar sé einmitt gerður skýr greinarmunur á blómum og öðrum jurtum.

Með vísan til þeirra ákvæða sem Neytendastofa horfi til í lögum nr. 57/2005 telji félagið ótvírætt að hvergi hafi verið veittar villandi upplýsingar eða rangar, sbr. 1. og 2. mgr. 9. gr. og 14. gr. laga nr. 57/2005, né sé með nokkru móti farið á svig við önnur ákvæði þeirra laga eða önnur lög við framsetningu á vörum frá Espiflöt. Um þetta vísist einnig til svars félagsins við fyrsta erindi Neytendastofu um notkun fylliefna í blómvendi og notkun í samræmi við reglur um fánaröndina.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 22. janúar 2020, var bréf Espiflatar sent Félagi atvinnurekenda til umsagnar.

Neytendastofu barst tölvupóstur frá Félagi atvinnurekenda þann 27. janúar 2020, þar sem fram kom að félagið hygðist ekki skila inn athugasemdum vegna bréfs Espiflatar.

4.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 30. janúar 2020, var aðilum tilkynnt um lok gagnaöflunar og að málið yrði tekið til ákvörðunar stofnunarinnar.

III.

Niðurstaða

1.

Mál þetta varðar kvörtun Félags atvinnurekenda vegna notkunar garðyrkjustöðvarinnar Espiflatar ehf. á íslenska þjóðfánanum í markaðssetningu. Lítur kvörtunin einkum að því að Espiflöt hafi í gegnum tíðina blandað íslenskum og erlendum blómum í blómvöndum sínum og merkt þá með íslensku fánaröndinni með orðunum „íslensk blóm“. Á ljósmyndum megi sjá blómvendi frá Espiflöt sem innihaldi ýmist græn pálmalauf eða eucalyptus-greinar, en hvorug þessara jurta sé ræktuð hér á landi. Félagið telji að umrædd markaðssetning feli í sér blekkingu gagnvart neytendum sem telji sig vera að kaupa alíslenska vöru.

Af hálfu Espiflatar er því hafnað að umrædd markaðssetning feli í sér blekkingu gagnvart neytendum. Espiflöt sé félagi í Sambandi garðyrkjubænda og hafi leyfi skv. samningi við sambandið til notkunar á fánaröndinni í markaðssetningu fyrir íslensk blóm. Því sé ekki um að ræða notkun þjóðfánans í markaðssetningu heldur sé fánaröndin skráð félagamerki í eigu Sambands garðyrkjubænda, og njóti verndar skv. vörumerkjalogum og lögum um félagamerki. Þá séu öll blóm í vöndum félagsins ræktuð á Íslandi, hins vegar sé notað til skrauts græn fylliefni sem ekki séu alltaf upprunin í innlendri ræktun. Það séu hins vegar ekki jurtir sem flokkist undir að vera blóm heldur sé um skraut sem fylgi blómum að ræða.



Í erindi Félags atvinnurekenda var til þess vísað að félagið teldi merkingu og markaðssetningu Espiflatar brjóta gegn ákvæðum laga nr. 34/1944, um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldamerkið. Ákvæði 12. gr. laganna fjallar um notkun þjóðfána Íslendinga í merkingum á vörum eða við markaðssetningu á vörum eða þjónustu. Taka þau því ekki til þeirra tilvika þar sem notast er t.d. við fánarönd eða aðra skírskotun til þjóðfánans sem þó telst ekki til notkunar á þjóðfánanum. Í máli þessu er kvartað yfir notkun á vörumerki sem hefur að bera fánarönd eða ekki þjóðfána Íslendinga. Því koma ákvæði laga nr. 34/1944 því ekki til frekari álita í málinu. Við meðferð málsins var að hálfu Neytendastofu bent á að stofnunin teldi ákvæði b. liðar 1. mgr. 9. gr., 2. mgr. 9. gr. og 14. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, geta átt við um erindið.

2.

Í lögum nr. 57/2005 er fjallað um það hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Í 5. gr. er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fara fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Í 9. gr., sem einnig er í III. kafla, er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í a.–g. lið málsgreinarinnar eru tilgreindar þær röngu upplýsingar sem átt er við. Þar segir að átt sé við rangar upplýsingar um :

„b. helstu einkenni vöru eða þjónustu, t.d. notkun, samsetningu eða árangur sem vænta má af notkun hennar,“

Þá segir í 2. mgr. 9. gr. laganna:

„Viðskiptahættir eru villandi ef ekki er greint frá upplýsingum sem telja má að almennt skipti máli fyrir neytendur eða þeim er leynt og þær eru til þess fallnar að hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti.“

Skv. ákvæðinu teljast viðskiptahættir villandi ef fyrirtæki leynir upplýsingum sem skipta máli við ákvörðun um að eiga viðskipti eða þær eru veittar á óljósan eða margræðan hátt. Í greinargerð með ákvæðinu kemur fram að hafa megi þau atriði til hliðsjónar sem tilgreind eru í 1. mgr. 9. gr. laganna.

Í V. kafla laga nr. 57/2005 er fjallað um háttsemi milli fyrirtækja. Þar segir í 14. gr.:

„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar gagnvart keppinautum, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir til



Þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.“

Fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum mega skv. ákvæðinu ekki veita misvísandi, rangar eða villandi upplýsingar gagnvart keppinaut auglýsanda eða stöðu auglýsanda, vöru eða þjónustu hans, gagnvart keppinautum.

3.

Markaðssetning sú sem hér um ræðir er á blómvöndum frá garðyrkjustöðinni Espiflöt. Felst umrædd markaðssetning í því að blómvendirnir eru merktir með íslenskri fánarönd og með orðunum „íslensk blóm“. Þannig gefa umræddar merkingar tilefni til að ætla að vörunar séu framleiddar á Íslandi eða hafi a.m.k. ríka tengingu við landið.

Af gögnum málsins má ráða að Espiflöt framleiði tvær stærðir af vöndum fyrir stórmarkaði sem merktir eru með íslenskri fánarönd. Allir vendir félagsins eru settir saman á atvinnustöð félagsins þar sem eigin blómaræktun fer fram. Óumdeilt er að umræddir blómvendir innihalda íslensk blóm sem fyllt er upp í með jurtum og blöðum sem ekki eru alltaf ræktuð hérlendis. Af gögnum málsins er ljóst að meginþorri þeirra blóma og jurta sem finna má í blómvöndum frá garðyrkjustöðinni Espiflöt eru ræktuð á Íslandi og erlend ræktuð fylliefni einungis mjög lítil hluti af heildarvirði blómvandanna.

Í ljósi framangreinds er það mat Neytendastofu að umræddar merkingar á blómvendi Espiflatar séu ekki til þess fallnar að veita neytendum rangar upplýsingar um helstu einkenni vörunnar. Þannig telur stofnunin að ákvörðun neytenda um kaup á íslenskum blómvöndum sé að meginstefnu til byggð á þeim hluta blómvandanna sem sannarlega eru íslenskt ræktuð blóm. Sá litli hluti af blómvöndunum sem eru erlent ræktaðar jurtir er því að mati stofnunarinnar ekki til þess fallinn að hafa veruleg áhrif á fjárhagslega hagsmuni neytenda eða ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Er það því mat Neytendastofu að ekki sé ástæða til aðgerða af hálfu stofnunarinnar í máli þessu.

III.

Ákvörðunarorð:

„Ekki er ástæða til aðgerða Neytendastofu í máli þessu“

Neytendastofa, 6. apríl 2020

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir